AUGLÝSING

um samning um Menningarsjóð Norðurlanda.

Hinn 3. október 1966 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Menningarsjóð Norðurlanda.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent utanríkisráðuneyti Danmerkur hinn 19. desember 1966.

Samkvæmt 20. gr. samningsins gengur hann í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst eftir þann dag, er fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa verið afhent.

Endanleg gildistaka samningsins verður auglýst síðar, en ákvæðum hans verður beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 1967.

Orðalag samningsins, sem gerður var á dönsku, er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, ásamt íslenzkri þýðingu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. desember 1966.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um Menningarsjóð Norðurlanda.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem telja það mikilvægt, að menningarsamstarf Norðurlanda aukist enn og eflist, hafa með tilvísun til samkomulags þess um samstarf þessara landa, sem gert var hinn 23. marz 1962, og ályktunar Norðurlandaráðs, nr. 28/1965, um norrænan menningarsjóð, komið sér saman um að stofna sameiginlegan menningarsjóð þeirra og orðið þá sammála um eftirfarandi atriði:

Tilgangur o. fl.

1. gr.

Tilgangur Menningarsjóðs Norðurlanda er að efla menningarsamstarf Norðurlanda.

2. gr.

Starfssvið sjóðsins tekur yfir norrænt menningarsamstarf í heild. Fé má því veita

OVERENSKOMST
om Nordisk Kulturfond.

Danmarks, Finlands, Islands, Norges og Sveriges regeringer, som finder det ønskeligt, at det kulturelle samarbejde mellem de nordiske lande yderligere udvikles og styrkes, har med henvisning til den mellem de nævnte lande den 23. marts 1962 indgåede samarbejdsoverenskomst og til Nordisk Råds rekommandation nr. 28/65 angående en nordisk kulturfond vedtaget at oprette en for dem fælles kulturfond og er herved blevet enige om følgende:

Formål m. m.

Artikel 1.

Nordisk Kulturfond har til formål at fremme det kulturelle samarbejde mellem de nordiske lande.

Artikel 2.

Fondens virksomhedsområde omfatter det nordiske kultursamarbejde i hele

úr sjóðnum til verkefna á sviði vísinda, menntunar og alþýðufræðslu, svo og bókmennta, tónlistar, myndlistar, leiklistar, kvikmynda og annarra listgreina.

3. gr.

Veita má styrki úr sjóðnum til

a) norrænna verkefna, sem stofnað er til í eitt skipti, svo sem sýninga, útgáfu, ráðstefnuhalds, námskeiða og umræðufunda,

b) norrænna verkefna, sem varanlegri eru, og þá í tilraunaskyni í takmarkaðan tíma, sem stjórn sjóðsins ákveður,

c) kannana og nefndarstarfa varðandi norræn málefni, og

d) upplýsingastarfsemi á Norðurlöndum eða utan þeirra varðandi norrænt menningarsamstarf og norræna menningu.

4. gr.

Eigi má veita styrki úr sjóðnum til verkefna, sem varða færri en þrjár Norðurlandaþjóðir, nema sérstakar ástæður séu til.

Fé sjóðsins.

5. gr.

Greiða skal árlega í sjóðinn fjárhæð, er nemi samtals þremur milljónum danskra króna, og leggja Norðurlandaríkin þetta fé til, hvert að tiltölu við fólksfjölda, þannig að Danmörk leggur fram 23 af hundraði, Finnland 22 af hundraði, Ísland 1 af hundraði, Noregur 17 af hundraði og Svíþjóð 37 af hundraði af fyrrgreindri fjárhæð.

6. gr.

Fé það, sem greitt hefur verið í sjóðinn, er til umráða fyrir sjóðinn einnig eftir lok þess árs, er greiðslan fór fram.

7. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka við eignum, sem honum eru gefnar eða ánafnaðar í arfleiðsluskrá, enda fylgi ekki neitt það skilyrði, sem ósamrýmanlegt er tilgangi sjóðsins.

dets udstrækning. Bidrag fra fonden kan således ydes til formål inden for videnskab, uddannelse og folkeoplysning samt litteratur, musik, billedkunst, teater, film og andre kunstarter.

Artikel 3.

Af fondens midler kan der bevilges tilskud til

a) nordiske projekter af engangskarakter såsom udstillinger, publikationer, konferencer, kurser og symposier,

b) nordiske projekter af mere permanent natur i en af fondens styrelse fastsat begrænset forsøgsperiode,

c) udredninger med nordisk sigte og

d) informationsvirksomhed inden for eller uden for Norden vedrørende nordisk kulturelt samarbejde og de nordiske landes kulturliv.

Artikel 4.

Tilskud fra fonden må ikke, medmindre særlige omstændigheder foreligger, bevilges til projekter, som berører færre end tre af de nordiske lande.

Fondens midler.

Artikel 5.

Der skal årligt tilføres fonden et samlet beløb på tre mill. danske kr., som ydes af de nordiske lande i forhold til deres befolkningsantal således, at Danmark bidrager med 23 procent, Finland med 22 procent, Island med 1 procent, Norge med 17 procent og Sverige med 37 procent af det nævnte beløb.

Artikel 6.

Midler, som er tilført fonden, står til rådighed for fonden også efter udgangen af det år, da indbetalingen til fonden er sket.

Artikel 7.

Fonden kan erhverve ejendom gennem gave eller testamente under forudsætning af, at der ikke dermed er forbundet noget vilkår, som er uforeneligt med fondens formål.

Stjórn sjóðsins.

8. gr.

Sjóðsstjórn annast fjárreiður sjóðsins, úthlutar fé hans og stjórnar starfsemi hans að öðru leyti. Stjórnin ákveður einnig um viðtöku gjafar eða arfleiðsluskrár, svo og hversu ávaxta skuli fé sjóðsins.

Stjórnin er skipuð tíu mönnum. Fimm þeirra skipar Norðurlandaráð, einn frá hverju landi. Hinir eru skipaðir einn af hverri ríkisstjórn. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja almanaksára í senn. Láti stjórnarmaður eða varamaður af starfi áður en skipunartímabili hans er lokið, skal skipa eftirmann hans til loka skipunartímabilsins.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann til eins almanaksárs í senn. Stjórnarformaður skal vera frá sama landi í tvö ár samfleytt.

9. gr.

Stjórnarfundur er ályktunarfær, þegar formaður eða varaformaður og eigi færri en sex aðrir stjórnarmenn eru viðstaddir.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Eigi má þó ákveða fjárveitingu úr sjóðnum, ef báðir fulltrúar einhvers landsins eru andvígir henni.

10. gr.

Sjóðsstjórnin nýtur aðstoðar Norrænu menningarmálanefndarinnar, sem er henni til ráðuneytis og hefur tillögurétt.

11. gr.

Ef þörf gerist, er stjórninni heimilt að leita álits sérfræðinga um mál.

12. gr.

Stjórnin má ráða sér ritara og annað starfslið eftir þörfum og ákveða starfsliðinu laun.

Fondens forvaltning.

Artikel 8.

Fonden forvaltes, dens midler fordeles og dens virksomhed i øvrigt ledes af en styrelse. Styrelsen træffer også beslutning om modtagelse af gave eller testamente, samt om anbringelse af fondens indestående midler.

Styrelsen består af ti medlemmer. Nordisk Råd udnævner fem af medlemmerne, et fra hvert land. De øvrige medlemmer udnævnes af regeringerne, et af hver regering. På tilsvarende måde udnævnes for hvert medlem en personlig suppleant.

Medlemmerne og suppleanterne udnævnes for et tidsrum af to kalenderår ad gangen. Afgår et medlem eller en suppleant inden mandattidens udløb, skal der udnævnes en efterfølger for resten af mandattiden.

Styrelsen vælger blandt sine medlemmer en formand og en næstformand for et kalenderår ad gangen. Samme land beklæder formandsposten to år i træk.

Artikel 9.

Styrelsen er beslutningsdygtig, når formanden eller næstformanden og mindst seks andre medlemmer er til stede.

Styrelsens beslutninger træffes ved simpel stemmeflerhed. I tilfælde af stemmelighed er formandens stemme udslaggivende. Beslutning om bevilling af et tilskud fra fonden må dog ikke træffes, når blot et af landene gennem begge sine repræsentanter modsætter sig dette.

Artikel 10.

Styrelsen bistås af Nordisk Kulturkommission som rådgivende og forslagsstillende organ.

Artikel 11.

Styrelsen kan efter behov indhente udtalelser fra sagkyndige.

Artikel 12.

Styrelsen kan ansætte sekretær og andet nødvendigt personale samt fastsætte aflønning for personalet.

13. gr.

Ferðakostnað og dagpeninga stjórnarmanna og starfsliðs, er reikna skal samkvæmt reglum, er stjórnin setur, svo og þóknun, er stjórnin ákveður sérfræðingum, og annan kostnað vegna starfs stjórnarinnar og umsýslu sjóðsins, skal greiða af fé sjóðsins.

14. gr.

Aðsetur stjórnarinnar er í því landi, sem formaður sjóðsstjórnar er fulltrúi fyrir.

15. gr.

Stjórnin setur sér starfsreglur með nánari ákvæðum um starfið.

Reikningsskil og endurskoðun.

16. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

17. gr.

Norðurlandaráð kýs tvo endurskoðendur og varamenn til tveggja reikningsára í senn til að endurskoða fjárgæzlu sjóðsins og reikninga hans.

18. gr.

Sjóðsstjórnin skal árlega eigi síðar en hinn 15. febrúar afhenda endurskoðendum skýrslu um starf sitt á næstliðnu almanaksári ásamt reikningum. Endurskoðendurnir eiga að skila stjórninni endurskoðunarskýrslu sinni eigi síðar en hinn 15. marz.

19. gr.

Skýrslur stjórnar og endurskoðenda skulu eigi síðar en hinn 1. apríl afhentar ríkisstjórnunum og Norðurlandaráði. Norðurlandaráð tekur ákvörðun um samþykkt reikninga sjóðsins.

Lokaákvæði.

20. gr.

Samning þennan skal fullgilda og senda fullgildingarskjöl hið fyrsta til varðveizlu í utanríkisráðuneyti Danmerkur.

Artikel 13.

Af fondens midler afholdes, beregnet efter af styrelsen fastsatte normer, rejsegodtgørelse og dagpenge til styrelsens medlemmer og personale. Af fondens midler afholdes endvidere de af styrelsen fastsatte vederlag for sagkyndig bistand samt øvrige omkostninger i forbindelse med styrelsens virksomhed og fondens forvaltning.

Artikel 14.

Styrelsen har sit sæde i det land, som styrelsens formand repræsenterer.

Artikel 15.

Styrelsen vedtager en forretningsorden med nærmere forskrifter for sin virksomhed.

Regnskab og revision.

Artikel 16.

Fondens regnskabsår er kalenderåret.

Artikel 17.

Til revision af fondens forvaltning og regnskaber udpeger Nordisk Råd for to regnskabsår ad gangen to revisorer tillige med suppleanter for disse.

Artikel 18.

Fondens styrelse skal hvert år senest den 15. februar til revisorerne afgive regnskaber samt beretning om sin virksomhed i det foregående kalenderår. Revisorerne skal senest den 15. marts afgive revisionsberetning til styrelsen.

Artikel 19.

Styrelsens og revisorernes beretninger skal senest den 1. april afgives til regeringerne og til Nordisk Råd. Beslutning om godkendelse af regnskabet og om bevilling af ansvarsfrihed for styrelsen træffes af Nordisk Råd.

Slutbestemmelser.

Artikel 20.

Denne overenskomst skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i udenrigsministeriet i Danmark.

Samningurinn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst eftir þann dag, er fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa borizt. Ákvæðum samningsins má þó beita til bráðabirgða frá og með 1. janúar til og með 30. júní 1967.

21. gr.

Vilji einhver samningsaðila segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send dönsku stjórninni, er þegar í stað skal tilkynna þetta hinum samningsaðilunum og hvaða dag uppsagnartilkynningin hafi borizt.

Samningurinn gengur úr gildi frá og með byrjun þess almanaksárs, sem næst hefst eftir uppsögnina, hafi uppsagnartilkynningin borizt dönsku stjórninni eigi síðar en 30. júní, en að öðrum kosti frá byrjun næsta almanaksárs þar á eftir.

Þegar samningurinn er genginn úr gildi, skal skipta eignum sjóðsins og skuldum milli samningsaðila í því hlutfalli, sem greinir í 5. grein.

Samningurinn skal varðveittur í utanríkisráðuneyti Danmerkur og danska utanríkisráðuneytið skal senda hverjum aðila staðfest afrit.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa umboð, skrifað undir þennan samning.

Gert í Kaupmannahöfn hinn þriðja október nítján hundruð sextíu og sex í einu eintaki á dönsku.

K. B. Andersen
Ele Alenius
Gylfi Gíslason
Henrik Bargem
Ragnar Edenman.

Overenskomsten træder i kraft den første i den måned, som begynder nærmest efter den dag, da samtlige parters ratifikationsinstrumenter er deponeret. Den skal imidlertid provisorisk kunne anvendes fra og med den 30. juni 1967.

Artikel 21.

Ønsker nogen af de kontraherende parter at opsige overenskomsten, skal skriftlig meddelelse herom tilstilles den danske regering, som umiddelbart herefter skal underrette de øvrige kontraherende parter herom, samt om datoen for meddelelsens modtagelse.

Overenskomsten ophører at gælde fra og med den første dag i det kalenderår, som følger efter opsigelsen, såfremt meddelelse om opsigelsen er indgået til den danske regering senest den 30. juni og ellers fra den første dag i det næstfølgende kalenderår.

Når overenskomsten er ophørt at gælde, skal fondens aktiver og passiver fordeles mellem de kontraherende parter i overensstemmelse med de fordelingsforhold, sem er angivet i artikel 5.

Overenskomsten skal være deponeret i udenrigsministeriet i Danmark, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende parter.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede repræsentanter undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i København i et eksemplar på dansk, den tredie oktober nittenhundrede og seksogtres.

K. B. Andersen
Ele Alenius
Gylfi Gíslason
Henrik Bargem
Ragnar Edenman.